

Nr. 131 / 09 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255**Skipverji fellur og slasast**

Skipaskr.nr. 1972
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
Stærð: 290,3 brl. 1028 bt.
Mesta lengd: 47,9 m Skráð lengd: 39,3 m
Breidd: 11 m Dýpt: 7,45 m
Vél: Deutz 1850 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 25



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. nóvember 2009 var Hrafn Sveinbjarnarson á siglingu suður af Stórhöfða. Veður: Austan 13-18 m/s.

Yfirvélstjóri sat, að morgni dags, í vaktklefa vélarrúms við að færa véladagbók þegar snögg velta kom á skipið með þeim afleiðingum að stóll sem hann sat í sporðreistist og féll afturábak. Skipverjinn lenti samanbrotinn, bjargarlaus og hálfur undir stjórnþúlti vélarúmsins þar til vélstjóri sem staddur var í vélarúminu kom honum til aðstoðar. Var slasaða komið upp í íbúðir þar sem hlúð var að honum.

Þegar slasaði virtist ekki ætla að jafna sig ákvað skipstjóri, um kvöldið, að sigla með hann til Vestmannaeyja og kom honum undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að skrifborðið er í eins og hálfsmetra fjarlægð frá stjórn-og vaktþúlti vélarúmsins og hallar inn undir sig niður í gólf;
- að slasaði var nýlega sestur í stóllinn og sagðist ekki hafa hallað sér aftur að stólbakinu. Hann hafi ekki hugað að sér því skipið hreyfðist nánast ekkert og svo hafi verið allan morguninn. Stóllinn var ekki sjóbúinn en engar festingar eru til þess á honum. Slasaði taldi að nýskúraður gólfdukurinn hafi verið óvenju stamur eftir þvottinn;
- að slasaði sagði að í brælum sé stóllinn sjóbúinn með því að setja annan stól í bilið fyrir aftan skrifborðsstóllinn en það hefti mjög aðgang að þúltinu. Komið hafi fyrir að hann hafi runnið til í veltingi en aldrei hafi hann orðið var við að stóllinn ylti þau 20 ár sem hann hafði verið á skipinu. En í þetta skipti var eins og sparkað væri í skipið svo snögg var heyfingin.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að stóll slasaða var ekki sjóbúinn.